

# Skóli og nærsamfélag.

Vorráðstefna Miðstöðvar Skólaþróunar við Háskólann á Akureyri laugardaginn 13. apríl 2013.

## Almennt vinnustaðanám í framhaldsskóla.

Jóhannes Árnason kennari við VMA, líffræðingur, verkefnastjóri.

Ketill Sigurðarson kennari við VMA, trésmíðameistari og iðnfræðingur, sér um vinnustaðanám á almennri braut.

Kristín Petra Guðmundsdóttir kennari við VMA, gullsmíðameistari og umsjónarkennari á almennri braut.

Rögnvaldur Ragnar Símonarson iðjupjálfi og kennari við starfsbraut VMA, sér um vinnustaðanám.

Áslaug Kristjánsdóttir stuðningsfulltrúi við starfsbraut VMA, sér um vinnustaðanám.

Ingunn Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri starfsþróunar hjá starfsmannþjónustu Akureyrarbæjar.

# Þrír þættir til umfjöllunar.

Vinnustaðanám á starfsbraut VMA.

Niðurstöður úr athugun á námsferlum nemenda við VMA.

Hugmyndir um og tilraunir með almennt vinnustaðanám fyrir nemendur sem virðast ekki fá nám við hæfi í framhaldsskólum.

# Starfsbrautir í framhaldsskólum

Starfsbraut er námstilboð í fjögur ár.

Í VMA eru 50 nemendur á starfsbraut skólaárið 2012 - 2013.

„hafa að markmiði að bjóða nám sem miðar að því að auka sjálfstraust, sjálfstæði og aðlögunarhæfni nemenda með því að veita þeim einstaklingsmiðuð námstækifæri“ vegna sérstakrar fötlunar eða námserfiðleika. (Sjá Námskrá 2005).

Seinni hluti náms á starfsbrautum miðar að því að undirbúa nemendur undir þátttöku í atvinnulífi m.a. með því að veita þeim verklega þjálfun á almennum eða vernduðum vinnustöðum.

Haldið áfram að þjálfra færni í bóknámi eftir getu hvers og eins.

Starfsbraut er ekki starfsnámsbraut. Framhaldsskólanám til ákveðinna starfa (lönnám, sjúkraliðanám, vélstjórn...).

# Vinnustaðanám á starfsbraut.

Úr kennsluáætlun: ATP Atvinnuþjálfun á þriðja og fjórða ári

- Nemendur velja þrjá vinnustaði og skoða einn, eða fleiri.
- Vinna skipulögð, kennari og vinnuveitandi, kennari fylgist með á vinnustaðnum.
- Starfslýsing fyrir nemanda eftir aðstæðum, kynnast sem flestu.
- Starfsmat er unnið af tengslaaðila á vinnustaðnum, miðað er við matsblað og kvarða sem kennarar VMA koma með og útskýra.
- Samráð og samvinna við Atvinnu með stuðningi.

Væri hægt að nýta reynsluna og aðferðirnar handa fleiri hópum nemenda með því að breyta þeim og aðlaga nemendum og viðfangsefnum?

# Athuganir á námsferlum nemenda við VMA.

Ýmis verkefni í VMA um almenna braut, VMA skírteini.

Nýnemar 2007, 2008 og 2009. Athugaðir námsferlar þeirra allra.

Hver einasti nemandi skoðaður. Skráður einingafjöldi sem nemendur eru skráðir í og sem þeir ljúka á hverri önn.


Útskriftir eftir 3 – 5 ár, iðnnám, annað starfsnám til lokaútskriftar, stúdentspróf, vélstjórnarnám (5 ára nám), útskrift af starfsbraut.

Nemendur eru skráðir á námsbrautir að hluta eftir bóknámsstöðu við lok grunnskóla. Inntökuskilyrði á námsbrautir.

Almenn braut merkir oft að nemandi hefur ekki uppfyllt inntökuskilyrði. Það er þó ekki algilt. Nemendur velja stundum að skoða möguleikana og sjá til í eitt ár.

## Uppsafnað útskriftarhlutfall, hópar nýnema VMA, Janúar 2013.

Flokkað eftir brautum sem nýnemar byrja á. Meiriháttar útskriftir eftir 3 - 5 ár.



# Niðurstöður úr athugun á námsferlum.

- Flokkun nýnema eftir námsbrautum í upphafi sem ræðst að hluta af grunnskólaeinkunnum gefur mikinn mun á útskriftarhlutfalli. Ekki sama hlutfall í öllum árgöngum en sama mynstur.
- Á fimm til sex árum ljúka um 3/4 nemenda á starfsbraut eða hefðbundnum starfsnáms- og stúdentsbrautum lokaprófi með skírteini. Ætti að vera hægt að hækka þetta hlutfall með auknum sveigjanleika. ATH t.d. bóknámsskyldu á starfsnámsbr.
- Þeir nemendur sem koma með slakasta stöðu í bóknámi úr grunnskóla virðast eiga í miklum erfiðleikum með að finna nám sem þeir ráða við. Það eru ekki nemendur sem þarf að breyta. Það þarf að breyta skólunum. Hvaða skólastigum?

# Almennt vinnustaðanám

- Hluti nemenda finnur ekki nám sem þeir ráða eða hafa áhuga á. Ákveðið að bjóða þeim vinnustaðanám til að fá reynslu og sjálfstraust. 8 – 10 nemendur hvort ár (vor 2012 og vor 2013).
- ATF195 á haustönn 10 kennslustundir á viku í undirbúning fyrir vinnustaðanám. Tjáning og þjálfun í að fara í atvinnuviðtöl, áhugasvið, gerð ferilsskrár, vinnustaðaheimsóknir og fleira.
- ATF 295 á vorönn, tveir dagar í viku á vinnustað kl. 8 – 12 og tvær kennslustundir í viku í skólanum. Aðrir áfangar með.
- Aðallega vinnustaðir á vegum Akureyrarbæjar. Leikskólar, öldrunarheimilið Hlíð, Framkvæmdamiðstöð, Norðurorka, Slökkvistöð, gætu verið íþróttamannvirki og fl.
- Aðrir vinnustaðir, leikhús, bílaverkstæði, flugvöllur og fl.



# Af hverju ættu vinnustaðir að vilja taka nemendur í vinnustaðanám?

- Framtíðarstarfsmenn, möguleiki á þjálfun. Samf. skylda.
- Ekki laun heldur einingar, vinnustaðanámið fært á VMA skírteini.
- Þríhliða samkomulag. VMA, vinnustaður, nemandi. Allir bera ábyrgð á náminu. Skilgreind markmið um viðhorf, leikni og hæfni nemanda.
- Starfsfóstri á vinnustaðnum. VMA hélt námskeið fyrir starfsfóstra. Eflir starfsmenn. [Workmentor verkefni.](#)
- Stöðluð vinnubrögð, listi yfir vinnustaði, ekki ofgera vinnustöðum. Í raun verður VMA að lofa góðum vinnubrögðum.
- Hvað kostar þetta?

# Vinna með styrkleika?

- Hvað er gert í efstu bekkjum grunnskóla? Af hverju er vinnustaðadvöl á meðan nemandi er í grunnskóla ekki alltaf skráð í INNU? Hvernig er staðið að slíkri vinnustaðadvöl? Vinnubrögð, starfsfóstrar, árangur?
- Það er líklega komið í ljós á miðstigi hvernig nemendum gengur í bóknámi. Hvað gengur vel? Er það nógu merkilegt fyrir skólana? Hvaða hæfni er nógu merkileg?
- Er eingöngu hægt að kynnast menningararfi Íslendinga með því að lesa sjálfur? Kynnast eldra fólki?
- Skoða styrkleikana og bjóða meiri tíma í að efla þá?
- Ætti að undirbyggja fagnám á fyrsta þrepi í framhaldsskóla með vinnustaðanám og skilgreindu starfsnámi í efstu bekkjum grunnskóla?

# Brottfall úr námi er viðfangsefni allra.

- Aðrar þjóðir hafa unnið að margvíslegum verkefnum sem miða að því að sem flest ungmennti ljúki skilgreindum lokaprófum í framhaldsskóla. Þar er áhersla á að allir aðilar séu með.
- Mikilvægt er að samhæfa og skrá alla sem styðja ungmennti.
- Sveitarfélög, bæði félagsþjónusta og skóladeildir.
- Framhaldsskólar og aðrar menntastofnanir, atvinnuúrræði, stuðningsaðilar vegna; geðrænna sjúkdóma, fíknimeðferðar, ofbeldis og fátæktar. (Hér eru mjög viðkvæm mál.)
- Tófstundir; íþróttafélög, björgunarsveitir og menningarfélög.
- Verkalyðsfélög, samtök atvinnurekenda, landshlutasamtök, einstök fyrirtæki og stofnanir sem vilja fá fólk til starfa.
- Það ætti að vera hægt að sinna öllum betur, byrja á að samhæfa og skrá feril einstaklinga og nýta tímann betur.